

Nd.

38. Frumvarp til laga

[36. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Ellert B. Schram, Ragnhildur Helgadóttir, Matthías Bjarnason,
Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi ný grein, er verði 27. gr., svo hljóðandi:

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt án sérstaks leyfis að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum eða kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis.

Nú sækir matvöruverzlun um leyfi til sölu og dreifingar á neytlumjólk, rjóma og skyri, og skal þá sérstök nefnd fjalla um umsókn þessa. Nefnd þessi skal skipuð 7 mönnum, þannig að viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir 2 menn, félag matvörukaupmanna á staðnum eða, ef það er ekki til staðar, Kaupmannasamtök Íslands tilnefna einn mann, samsölustjórn eða viðkomandi mjólkursamlag tilnefnir einn mann, einn maður skal tilnefndur af framleiðsluráði landbúnaðarins, einn maður af Neytendasamtökum Íslands og einn maður af heilbrigðisnefnd, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nú sækir aðili um söluleyfi, sem hefur ekki haft það áður, og skal þá nefndin kynna sér fjárfestingar- og dreifingarkostnað mjólkursamsölu eða mjólkursamlags á viðkomandi verzlunarsvæði með það í huga, að mjólkurframleiðendur verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni við veitingu nýs mjólkurleyfis.

Skytt er samsölustjórn að veita umbeðið leyfi, ef nefndin mælir með því, enda sé þeim almennu skilyrðum fullnægt, sem mjólkurframleiðendur ákveða um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru í viðkomandi verzlun. Þau skilyrði skulu ákveðin með reglugerð, sem staðfest skal af landbúnaðarráðuneytinu. Samþykkt hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda skal liggja fyrir.

2. gr.

Niður falli 1. mgr. 27. gr. laganna, er verði 28. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp, sem miðaði að því að auka frjálsræði í dreifingu og sölu á mjólkurvörum, enda var gert ráð fyrir, að umræddir leyfisbeiðendur uppfylltu þau skilyrði, sem mjólkurframleiðendur settu um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru.

Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu, en í umræðum kom fram sjónarmið þess efnis, að mjólkurframleiðendur kynnu að verða fyrir fjárhagslegu tjóni, ef af breytingunni yrði, bæði vegna aukins dreifingar- og fjárfestingarkostnaðar.

Nú, þegar mál þetta er endurflutt, hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu, sem eiga að tryggja, að sjónarmið framleiðenda séu ekki fyrir borð borin, og undirstrika, að fyrir flutningsmönnum vakir alls ekki, að framleiðendur verði fyrir tjóni,

ef frumvarp þetta verður að lögum. Í stað einnar reglugerðar, eins og gert var ráð fyrir í fyrra frumvarpi, skal nú skipuð sjö manna nefnd þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta, og skal hún taka leyfisbeiðnir til athugunar. Ber nefndinni að kynna sér, að mjólkurframleiðendur verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni við veitingu nýs mjólkursöluleyfis. Þar að auki er gert ráð fyrir, að mjólkurframleiðendur ákveði skilyrði um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru, og á þá svo að vera búíð um hnúta, að fyllsta tillits sé gætt gagnvart bændum, áður en mjólkursöluleyfi eru veitt.

Þegar rætt er um fjárfestingar- og dreifingarkostnað í frumvarpinu, er átt við kostnað, sem af smásöluinni leiðir, og þá einvörðungu þann kostnað, sem skiptir máli, ef og þegar nýr aðili fengi mjólkursöluleyfi. Kostnaðarútreikningar skulu eingöngu miðaðir við mjólkurvöruna.

Gert er ráð fyrir, að kostnaður af skipun nefndar og störfum hennar verði greiddur af þeim aðilum, sem tilnefna menn í nefndina.

Gera verður ráð fyrir, að nefndin geti sett þeim aðilum ákveðna fresti, sem skila þurfa kostnaðarútreikningum eða athugasemdum.

Óþarft er að endurtaka þær röksemdir, sem frumvarpi þessu fylgdu og tíund-aðar voru í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi sama efnis (185. mál) á síðasta þingi. Veigamestu rök in voru eftirfarandi:

1. Bændur geta losnað við óþarfa fjárfestingu, sem nemur tugum milljóna, ef horfið yrði frá þeirri almennu stefnu að reisa sérstakar mjólkurverzlarnir, jafnvel við hlið annarra verzlana, á þéttbýlissvæði.
2. Neytendur ættu auðveldara með að nálgast mjólkurvörur, þegar þær væru seldar ásamt öðrum matvörum, og auknir möguleikar mundu skapast til heimsendingar mjólkurvara, en hvort tveggja gæti vafalaust leitt til aukinnar sölu og neyzlu mjólkurvara.
3. Heildardreifingarkostnaður á mjólk mundi að öllum líkindum lækka, og er þá höfð hliðsjón af þróun slíkra mála, m. a. í Danmörku.
4. Eytt yrði því viðskiptalega misrétti, sem þróast í skjóli núgildandi fyrirkomulags og stjórnunar, og mundi það forða óþarfa torþryggni og árekstrum.

Með þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir, að mjólkursala verði gefin fullkomlega frjáls. Eins og að framan er greint, er fallið á það sjónarmið, að mjólkurframleiðendur vilji hafa hönd í bagga um sölu og dreifingu mjólkur, og þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir, að vfirstjórn hverfi úr höndum samsölustjórna. Er þá vitnað til fyrirhugaðrar nefndar, sem taka skal tillit til fjárhagslegra hagsmuna framleiðenda, og enn fremur er vakin athygli á þeim rétti framleiðenda að setja skilyrði um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvörunnar.

Hér er á ferðinni mál, sem að vísu lýtur að sölu mjólkurvöru, en er réttlætismál í viðtækari skilningi, að því leyti, að það miðar að því að eyða mismunum, jafnvel einokun, sem ekki á að viðgangast á okkar tímum og við núverandi aðstæður. Það felur í sér kröfu um, að allir sitji við sama borð án tillits til rekstrarfyrirkomulags eða eignaraðildar ákveðinna matvöruverzlana. Það felur í sér þá sjálfsögðu reglu, að hér á landi ríki frjálsir viðskiptahættir og heilbrigð samkeppnis- og þjónustuaðstaða.